Starfsáætlun 2026 - 2027

Leikskólinn Drekadalur

Reykjanesbær, október 2026

Leikskólinn Drekadalur, Drekadalur 4, 260 Reykjanesbær, sími 4205600

Netfang: drekadalur@drekadalur.is

Inngangur

Leikskólinn er skilgreindur sem fyrsta skólastigið og er leikskólaaldurinn mikilvægur tími fyrir nám og þroska barna. Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin á bæði að spegla þá hugmyndafræði sem liggur að baki starfinu og Aðalnámskrá leikskóla.

Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en Menntaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati.

Í starfsáætluninni koma fram:

- Áherslur í skólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir skólaárið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað til leikskólafulltrúa Menntasviðs. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir leikskólaráð til samþykktar.

Greinargerð leikskólastjóra

Það felast einstök tækifæri í því að byggja upp nýjan leikskóla frá grunni. Í Drekadal höfum við lagt áherslu á að móta saman menningu sem byggir á fagmennsku, samvinnu og sameiginlegri sýn á nám, vellíðan og farsæld barna. Starfið byggist á einkunnarorðunum Gleði, leikur, virðing og hugrekki ásamt Aðalnámskrá leikskóla, Menntastefnu Reykjanesbæjar, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, lögum um farsæld barna og hugmyndafræði Drekadals.

Í öllu starfi leikskólans er lögð áhersla á þarfir, réttindi, áhuga og styrkleika barna. Vellíðan, þátttaka, öryggi, leikur og tengsl eru grundvöllur náms og þroska. Við trúum því að öll börn geti lært og tekið framförum og eigi rétt á námsumhverfi sem styður við þátttöku, sjálfsmynd og farsæld.

Þegar ég lít til baka á skólaárið 2025–2026 fyllist ég fyrst og fremst stolti og þakklæti. Þetta hefur verið lærdómsríkt, krefjandi og viðburðaríkt ár þar sem við höfum tekist á við margvíslegar áskoranir, fagnað stórum og litlum áföngum og lagt grunn að þeirri menningu sem við viljum að einkenni Drekadal til framtíðar.

Stærsti áfanginn var án efa þegar við fluttum í nýtt húsnæði í nóvember 2025 eftir 15 mánuði í bráðabirgðahúsnæði. Það var einstök tilfinning að sjá börnin og starfsfólkið taka nýja leikskólann í notkun og upplifa gleðina sem fylgdi því að langþráður draumur væri loksins orðinn að veruleika. Flutningurinn var þó ekki án áskorana. Húsnæðið var enn í lokafrágangi og því þurfti mikinn sveigjanleika, þolinmæði og samvinnu. Við ákváðum að nýta tækifærið og byrja á ákveðnum núllpunkti. Í stað þess að flytja gömul vinnubrögð óbreytt inn í nýjan leikskóla höfum við gefið okkur tíma til að læra, prófa, ígrunda og þróa starfið saman. Sú nálgun er í anda hægláts leikskólastarfs þar sem við stöldrum við, hlustum og þróum starfið af yfirvegun.

Þegar ég horfi til baka er ég sérstaklega stolt af starfsfólkinu. Mannauðurinn er einn okkar mesti styrkleiki og það er starfsfólkið sem ber starfið í hjartanu. Uppbygging starfsmannahópsins og ráðningar hafa verið meðal stærstu verkefna ársins. Þrátt fyrir breytingar og óvissu hefur starfsfólkið sýnt mikla samstöðu, aðlögunarhæfni og fagmennsku og fókusinn alltaf verið sá sami: að skapa börnunum öryggi, vellíðan og gott námsumhverfi.

Við leikskólann starfar fjölbreyttur hópur með ólíkan menntunar- og starfsbakgrunn. Alls starfa 13 starfsmenn sem tilheyra KÍ, meðal annars leikskólakennarar, þroskaþjálfi, iðjuþjálfi og annað háskólamenntað starfsfólk. Þrír starfsmenn stunda jafnframt nám samhliða störfum, í leikskólakennarafræðum og félagsráðgjöf. Þessi fjölbreytni er mikilvæg auðlind og styrkir faglegt og þverfaglegt samstarf.

Teymisvinna hefur verið mikilvæg frá upphafi. Ég er afar þakklát fyrir stjórnendateymið mitt. Aðstoðarleikskólastjóri hefur verið mér ómetanlegur stuðningur og deildarstjórarnir gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu starfsins. Markmiðið er að byggja upp faglegt samstarf þar sem við lærum hvert af öðru, berum sameiginlega ábyrgð og höfum velferð barnanna ávallt í forgrunni.

Formleg opnun leikskólans á Degi leikskólans, 6. febrúar 2026, var stór stund í sögu Drekadals. Á sama tíma var stofnað foreldrafélag sem hefur styrkt tengsl heimila og leikskólans. Ég er þakklát foreldrum fyrir traust, skilning og gott samstarf á þessu fyrsta starfsári. Stuðningur þeirra hefur skipt miklu máli í uppbyggingu skólasamfélagsins.



Á árinu héldum við einnig áfram þróunarverkefninu Málþroski og hljóðkerfisvitund leikskólabarna – Sögupokar sem kennsluaðferð. Verkefnið styður við málþroska, orðaforða, hlustun og tjáningu barna í gegnum leik, sögur og skapandi starf og fellur vel að áherslum okkar um leik sem námsleið. Það var okkur mikill heiður þegar verkefnið hlaut sérstaka viðurkenningu frá Menntaráði Reykjanesbæjar og Hera Lind Bjarnadóttir, deildarstjóri Stapakots, fékk viðurkenningu fyrir framlag sitt til verkefnisins þann 3. júní 2026. Drekadalur hlaut jafnframt styrk úr Nýsköpunar- og þróunarsjóði menntasviðs til áframhaldandi þróunar verkefnisins. Þessar

viðurkenningar eru okkur mikil hvatning og staðfesting á því metnaðarfulla fagstarfi sem unnið er í leikskólanum.



Þegar leið á árið varð starfsemin stöðugri en uppbyggingarstarfinu er hvergi nærri lokið. Á næsta skólaári verður áfram lögð áhersla á fjölgun barna, markvissar ráðningar og góða innleiðingu nýs starfsfólks. Mikilvægt er að áframhaldandi uppbygging leikskólans taki mið af mönnun hverju sinni þannig að gæði starfsins séu ávallt í fyrirrúmi.

Ef ég ætti að nefna einn lærdóm sem þetta ár hefur kennt mér er það mikilvægi þess að mæta breytingum af ró og bjartsýni. Við þurfum ekki alltaf að hafa öll svörin strax. Þegar gott fólk vinnur saman, treystir hvert öðru og heldur fókus á það sem skiptir mestu máli er hægt að takast á við flest þau verkefni sem upp koma.

Þegar upp er staðið eru það börnin og starfsfólkið sem fylla húsið lífi og gleði og foreldrarnir sem sýna okkur traust og stuðning. Saman höfum við byggt upp nýjan leikskóla, skapað nýtt skólasamfélag og lagt traustan grunn að framtíðinni.

Ég er innilega stolt af því sem við höfum áorkað saman á þessu fyrsta starfsári og þakklát fyrir traustið, dugnaðinn og samheldnina sem hefur einkennt vegferðina. Ég hlakka til að halda áfram þessari vegferð með börnunum, starfsfólkinu og foreldrunum og sjá Drekadal vaxa og dafna sem öflugt skólasamfélag.

Drekadalur er ekki aðeins húsnæði heldur framtíð barnanna, samfélagsins og allra sem að því koma.

María Petrína Berg skólastjóri Drekadal

Efnisyfirlit

1 Starfsáætlun leikskólans Drekadals 1
1.1 Hlutverk 1
1.2 Þjónustustig 1
1.3 Markmið og framtíðarsýn 1
2 Hugmyndafræði Drekadals 2
2.1 Aðalnámskrá leikskóla 2
2.2 Leikurinn 3
2.3 Kenningar John Dewey í leikskólastarfi 4
2.4 Flæði 4
2.5 Útinám 5
2.6 Markviss málörvun – Sögupokar 5
2.7 Menntastefna Reykjanesbæjar 5
3 Farsæld barna 6
3.1 Snemmtæk íhlutun 7
3.2 Samstarf leik- og grunnskóla 7
3.3 Samstarf við Menntasvið Reykjanesbæjar 8
3.4 Annað samstarf 8
4 Leikskólinn Drekadalur – Hagnýtar upplýsingar 8
4.1 Einkunnarorð leikskólans 8
4.2 Um leikskólann 9
4.3 Nemendur 9
4.4 Mannauður og stöðugildi í Drekadal 11
4.5 Skólasamfélagið – metnaðarfullt námsumhverfi 12
4.5.1 Mannauður 12
4.5.2 Starfsánægja og vellíðan 12
4.5.3 Símenntunaráætlun 13
5 Foreldrasamvinna 14
5.1 Foreldrafélag 15
5.2 Foreldraráð 15
6 Yfirlit yfir mikilvægar dagsetningar 15
6.1 Skipulagsdagar 16

7 Mat á skólastarfi 2025 – 2026 18
8 Umsögn foreldraráðs 19
9 Viðaukar 20
9.1 Skóladagatal 2026 – 2027 21
9.2 Verkferlar vegna fyrstu viðbragða við slysum í leikskólanum 22

1 Starfsáætlun leikskólans Drekadals

1.1 Hlutverk

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í íslenska skólakerfinu og starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Samkvæmt lögunum annast leikskólinn, að ósk foreldra, uppeldi, umönnun og menntun barna undir skólaskyldualdri. Velferð og hagur barna skulu vera leiðarljós í öllu starfi og börnum skal búið öruggt, heilnæmt og hvetjandi umhverfi sem styður við leik, nám og alhliða þroska þeirra. Jafnframt skulu starfshættir leikskóla byggjast á gildum á borð við umburðarlyndi, kærleika, jafnrétti, lýðræðislegt samstarf, ábyrgð, umhyggju og virðingu fyrir manngildi.

Í samræmi við þetta er hlutverk Leikskólans Drekadals að veita börnum góða umönnun, menntun og uppeldi í öruggu og hvetjandi umhverfi.

1.2 Þjónustustig

Leikskólinn Drekadalur verður fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára.

1.3 Markmið og framtíðarsýn

Helstu áherslur í starfi Drekadals skólaárið 2026-2027 eru að tryggja farsæla aðlögun barna og starfsfólks að breyttum aðstæðum í kjölfar stækkunar leikskólans þar sem tvær nýjar heimastofur opna til viðbótar þeim sem teknar voru í notkun á síðasta skólaári. Þessi þróun kallar á endurskoðun verklags og aukið samstarf starfsfólks.

Lögð verður sérstök áhersla á að styðja við vellíðan, öryggi og faglega þróun allra þeirra sem koma að starfinu. Skólaárið verður nýtt markvisst til að byggja upp samheldinn starfshóp, styrkja faglegt starf og skapa jákvætt og styðjandi umhverfi fyrir börn og starfsfólk í takt við vaxandi starfsemi Drekadals.

Skólastarf við leikskólann Drekadal er mótað af Aðalnámskrá leikskóla, Menntastefnu Reykjanesbæjar, leiknum sem okkar aðalnámsleið, útinámi, flæði og hugmyndafræði Johns Dewey – Learning by doing, ásamt öðrum verkefnum og áherslum sem fram koma í starfsáætluninni. Þessir þættir tvinnast saman og mynda grunn að markmiðum og starfsháttum leikskólans og þeirri framtíðarsýn sem unnið verður að í skólanámskrá Drekadals.



Við byrjum smátt og byggjum upp. Við þróum starfið í skrefum, metum það sem vel tekst til og byggjum áfram á reynslu og lærdómi í daglegu starfi.

Leikurinn er aðalnámsleið Drekadals. Við viljum skapa aðstæður þar sem börn fá tækifæri til að læra, kanna, skapa og þróa færni út frá eigin áhuga, reynslu og forsendum.

Flæði er leið til að skapa aðstæður þar sem börn geta einbeitt sér að verkefnum sem hæfa áhuga þeirra og getu. Þannig fá þau tækifæri til að upplifa gleði, virkni og dýpka nám sitt í gegnum eigin reynslu.

Útinám er leið til að tengja nám barna við náttúru og nánasta umhverfi. Við viljum gefa börnum tækifæri til að kanna, upplifa og læra í gegnum eigin reynslu og efla um leið hreyfingu, vellíðan, sköpun og tengsl við umhverfið.

2 Hugmyndafræði Drekadals

2.1 Aðalnámskrá leikskóla

Leikskólinn Drekadalur starfar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem Menntamálaráðuneytið gefur út (2011, 2023). Þar má lesa um þann ramma og aðbúnað fyrir nám og kennslu sem mótast hefur í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga.

Starf Drekadals tekur mið af grunnþáttum menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla: heilbrigði og vellíðan, læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eru samofnir daglegu starfi leikskólans og birtast í leik, samskiptum, námsumhverfi, þátttöku barna, samskiptamenningu og faglegri nálgun starfsfólks.

Í Drekadal birtast grunnþættirnir meðal annars í:

- Áherslu á vellíðan, öryggi, hreyfingu, ró og jákvæða sjálfsmynd barna
- Leik, tungumáli, samræðum, tjáningu og læsi í víðum skilningi
- Tengingu við náttúru, sjálfbærni og virðingu fyrir umhverfi og sameiginlegum gæðum
- Lýðræðislegri þátttöku barna þar sem rödd þeirra, sjónarmið og áhugi fá vægi
- Virðingu fyrir fjölbreytileika, jafnrétti og réttindum allra barna
- Skapandi starfi þar sem forvitni, ímyndunarafl, rannsóknir og sköpunargleði fá að njóta sín.



2.2 Leikurinn

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins í Drekadal og lykillinn að námi og þroska barna þar sem þau leiða eigin lærdómsferli. Í leiknum fléttast saman námssvið leikskólans og grunnþættir menntunar. Í leik fá börn tækifæri til að prófa hugmyndir, öðlast þekkingu, þróa félagsfærni og byggja upp trú á eigin getu. Hann kallar á notkun tungumáls og hreyfingar, styrkir samskipti og tilfinningatengsl og gefur börnum færi á að takast á við áskoranir, setja sig í spor annarra og vinna úr reynslu sinni á skapandi hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).



Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1989) eiga börn rétt á að fá tækifæri til leiks og skapandi tjáningar. Leikurinn er þannig ekki aðeins leið til náms heldur einnig ófrávíkjanlegur réttur barna sem styður við þroska þeirra og vellíðan.

Í leiknum fléttast saman námssvið leikskólans og grunnþættir menntunar á náttúrulegan og merkingarbæran hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2023).

Hér má sjá handbók um leik barna https://vefir.mms.is/flettibaekur/handbok_um_leikinn/

2.3 Kenningar John Dewey í leikskólastarfi

John Dewey (1859–1952) lagði áherslu á að börn læri best með því að framkvæma og kanna heiminn í gegnum eigin reynslu. Hugmyndin „Learning by doing“ er grunnstoð í hans menntunarhugmyndum. Dewey taldi leikinn vera náttúrulega hvöt barnsins og mikilvægan þátt í þroska og námi. Hann lagði einnig áherslu á virðingu fyrir barni sem einstaklingi og nauðsyn þess að börn fái að spyrja, skoða og vinna sjálfstætt.

Dewey greindi áhugasvið barnsins í fjóra meginþætti:

- Áhugi á samræðum og samveru (félagsleg eðlishvöt)
- Áhugi á að rannsaka og uppgötva (sjálfstæð og skapandi hugsun)
- Áhugi á að framkvæma og skapa (verkleg færni og sköpun)
- Áhugi á listrænni tjáningu (myndlist, tónlist og hreyfing)

2.4 Flæði

Leikskólinn Drekadalur hefur hafið innleiðingu á flæðisnálgun í daglegu starfi með innblæstri frá kenningum sálfræðingsins Mihaly Csikszentmihalyi.

Markmiðið er að skapa umhverfi þar sem börn upplifa djúpa einbeitingu, gleði og virka þátttöku í námi í gegnum leik, sköpun og eigin reynslu.

Flæði samkvæmt Csikszentmihalyi er ástand þar sem einstaklingur gleymir sér í verkefni sem er í jafnvægi milli áskorunar og færni. Í leikskólastarfi birtist flæði þegar börn fá að vinna að verkefnum sem vekja áhuga þeirra, eru krefjandi en framkvæmanleg og leyfa þeim að dýpka einbeitingu og upplifa innri gleði. Flæði stuðlar að aukinni sjálfstjórn, sköpun, vellíðan og dýpra námi.

2.5 Útinám

Útinám er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans Drekadals og byggir á flæðisnálgun með innblæstri frá kenningum Mihaly Csikszentmihalyi. Markmiðið er að skapa aðstæður þar sem börn geta sökkt sér í leik, könnun og nám út frá eigin áhuga og forsendum.

Náttúran er fjölbreytt námsumhverfi sem býður upp á endalaus tækifæri til uppgötvana, sköpunar og hreyfingar. Í útinámi fá börn tíma og rými til að fylgja eigin hugmyndum, rannsaka umhverfið og takast á við verkefni á sínum forsendum. Með þessari nálgun styðjum við sjálfstæði, sköpunargáfu, vellíðan og námsgleði barna. Útinámið verður vettvangur þar sem leikur, forvitni og reynslunám fléttast saman og stuðla að alhliða þroska barna.

2.6 Markviss málörvun – Sögupokar

Leikskólinn vinnur að þróunarverkefni sem ber heitið Málþroski og hljóðkerfisvitund leikskólabarna í Drekadal – sögupokar sem kennsluaðferð. Markmið er að efla málþroska, orðaforða, hlustunarskilning, tjáningu, hljóðkerfisvitund og félagsfærni barna, jafnframt því að samþætta fjölbreytta námsþætti samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla.

Sögupokarnir eru sérsniðnir út frá ákveðnum sögum og innihalda fjölbreyttan efnivið sem styður við málörvun og nám barna. Markmiðið er að útbúa heilstætt málörvunarefni fyrir leikskólabörn og samþætta sem flesta þá þætti sem leikskólum ber að vinna með samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Með sögupokunum er unnið markvisst með hlustunarskilning, samræðulestur, orðaforða, orðskýringar, hljóðkerfisvitund, tjáningu, félagsfærni, söngva, þulur og myndlist auk þess sem þeir tengjast grunnþáttum menntunar.

2.7 Menntastefna Reykjanesbæjar

Meginmarkmið menntastefnu Reykjanesbæjar er að skapa öllum börnum og ungmennum í sveitarfélaginu öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel og þau hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum hug og gleði í hjarta.



Stefnuáherslurnar þar eru fimm;

• Mér líður vel

• Allir með

• Opnum huga

• Sköpunargleði

• Við og jörðin

Sjá heimasíðu Reykjanesbæjar https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stefnumotun/stefnur-og-samthykktir/menntastefna-reykjanesbaejar-2021-2030

3 Farsæld barna

Þann 1. janúar 2022 tók í gildi ný löggjöf um samþættingu um þjónustu í þágu barna eða svokölluð farsældarlög. Farsæld barna felur í sér að tryggja aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar samkvæmt nýrri löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Samþætt þjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og er veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni. www.farsaeldbarna.is

Tengiliður í leikskólanum Drekadal er:


Jóhanna Torfadóttir sérkennslustjóri johanna.torfadottir@drekadalur.is

Tengiliður hefur hagsmuni barns að leiðarljósi í samstarfi og samráði við foreldra og barn.

Hlutverk tengiliðar er:

- Veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barna.
- Aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns.

- Skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
- Koma upplýsingum til sveitarfélagsins um þörf fyrir tilnefningu málastjóra þjónustu í þágu farsældar barns.
- Taka þátt í stuðningsteymi eftir því sem við á.



3.1 Snemmtæk íhlutun

Í Drekadal er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og að mæta þörfum barna innan daglegs leikskólastarfs. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og eftirfylgni stuðningsúrræða og viðbótarkennslu í samstarfi við stjórnendur, kennara, foreldra og aðra fagaðila eftir því sem við á. Markmiðið er að tryggja að hvert barn fái stuðning við hæfi og tækifæri til að taka virkan þátt í leik og námi á eigin forsendum.

3.2 Samstarf leik- og grunnskóla

Tilgangurinn með samstarfi milli skólastiga er að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms nemenda. Mikilvægt til að ná þessum markmiðum er að treysta á gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á þessum tveimur skólastigum. Samstarfið verður í formi heimsókna á milli elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans. Heimaskóli leikskólans Drekadals er Stapaskóli.

3.3 Samstarf við Menntasvið Reykjanesbæjar

Leikskólafulltrúi Drekadals er B. Sif Stefánsdóttir sem er næsti yfirmaður og ráðgjafi leikskólans



ásamt Helga Árnasyni sviðsstjóra Menntasviðs. Leikskólinn nýtur einnig þjónustu sérfræðinga skólaþjónustu Menntasviðs, þar á meðal sálfræðinga, talmeinafræðinga, kennsluráðgjafa og ráðgjafa barna- og fjölskylduteymis. Tengiliðir leikskólans eru Linda Pálmadóttir, ráðgjafi barna- og fjölskylduteymis, Sóley Berg Victorsdóttir sálfræðingur, Berglind Ósk Guðmundsdóttir talmeinafræðingur og Katrín Ruth Þorgeirsdóttir ráðgjafaþroskaþjálfi.

3.4 Annað samstarf

Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar Reykjanesbæjar ásamt leikskólafulltrúa og sviðsstjóra menntasviðs hittast reglulega einu sinni í mánuði og eiga mikið og gott samráð um ýmis mál tengd starfi þeirra og starfsemi leikskólanna. Sérkennslustjórar hittast reglulega og eru nemendaráðsfundir haldnir mánaðarlega. Stjórnendur Drekadals funda reglulega einu sinni í viku og stjórnendur skólans funda með sérkennslustjóra eins oft og þurfa þykir. Þá funda skólastjórnendur daglega í upphafi dags.

4 Leikskólinn Drekadalur – Hagnýtar upplýsingar

Hér gefst tækifæri á að sjá helstu verkefni og áherslur ásamt hagnýtum upplýsingum á skólaárinu 2026 – 2027.

4.1 Einkunnarorð leikskólans

Markmið leikskólans Drekadals er að börn útskrifist með sterka og jákvæða sjálfsmynd, trú á eigin getu og kjark til að takast á við nýjar áskoranir. Einkunnarorð leikskólans, Gleði, Leikur, Virðing og Hugrekki eru leiðarljós í öllu starfi hans og endurspegla þau gildi sem einkenna skólasamfélagið.

Í Drekadal leggjum við áherslu á að hvert barn upplifi sig sem virkan og mikilvægan þátttakanda í samfélaginu. Við berum virðingu fyrir einstaklingnum, skoðunum hans og fjölbreytileika, sem við teljum auðga starf leikskólans og styrkja samfélagið okkar.

Starfið byggir á jákvæðum samskiptum, samvinnu og þátttöku þar sem börn, foreldrar og starfsfólk fá tækifæri til að hafa áhrif og leggja sitt af mörkum. Eldmóður, fagmennska og framsækni einkenna starfshætti leikskólans og styðja við öruggt og hvetjandi námsumhverfi þar sem gleði, leikur og vellíðan eru í fyrirrúmi.




4.2 Um leikskólann

Í leikskólanum Drekadal eru fimm heimastofur. Þær heita Drekakot, Móakot, Hákot, Stapakot og Tjarnarkot. Mjög skemmtileg nöfn sem tengjast staðháttum í hverfinu okkar. Hreyfisalurinn heitir Njarðvík. Óhætt er að segja að starfsmannaaðstaðan sé til fyrirmyndar. Þar er að finna góða fundaraðstöðu, vinnuherbergi kennara, notalega kaffistofu og glæsilega starfsmannaaðstöðu með rúmgóðum munaskápum.


Frekari upplýsingar um skólann, s.s. gjaldskrá, opnunartíma, inntöku barna, læsisstefnu Reykjanesbæjar, menntastefnu Reykjanesbæjar og hugmyndafræði leikskólans má sjá á heimasíðu leikskólans sem er á vef Reykjanesbæjar https://www.reykjanesbaer.is/is

4.3 Nemendur


Leikskólinn Drekadalur er með glæsilegan barnahóp, fullan af orku og athafnagleði sem taka öllu með opnum örmum, hug og forvitni. Hér að neðan má sjá skiptingu árganga eins og staðan er hjá okkur 1. október 2026. Sjá mynd eitt (1) skipting árganga, mynd tvö (2) kynjahlutfall, mynd þrjú fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku/erlendum uppruna og mynd fjögur (4) hlutfall leikskólakennara, önnur háskólamenntun og starfsmenn leikskóla.


Skipting árganga
Fjöldi barna frá 01.10.2026
8
23
13
25
11
Árgangur 2021
Árgangur 2022
Árgangur 2023
Árgangur 2024
Árgangur 2025

Mynd 1


KYNJAHLUTFALL
Drengir
Stúlkur
43%
57%

Mynd 2




Mynd 3

4.4 Mannauður og stöðugildi í Drekadal

Þegar leikskólinn Drekadal verður fullmannaður er áætlað að heildarfjöldi kennara og starfsmanna verði á bilinu 38 til 42 eftir því hvernig stöðugildum er háttað og samsetningu barnahópsins hverju sinni.

Á mynd 4 má sjá hlutfall leikskólakennara, starfsmanna með aðra háskólamenntun, og annarra starfsmanna sem starfa við uppeldi og menntun innan leikskólans, eins og staðan er 1. október.




Mynd 4

4.5 Skólasamfélagið – metnaðarfullt námsumhverfi

Mikilvægt er að skapa lærdómsríkt skólasamfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Að stuðla að lærdómssamfélagi sem einkennist af samvinnu, samábyrgð og sameiginlegri sýn og starfsfólk taki ábyrgð á verkefnum sínum og skyldum. Á starfsmannafundum verður lögð áhersla á að fara yfir sameiginlega sýn og starfshætti leikskólans til að stuðla að umbótum og tryggja að unnið sé eftir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér.

4.5.1 Mannauður

Stuðla skal að starfsánægju, góðu samstarfi og starfsþróun.



4.5.2 Starfsánægja og vellíðan

Mikilvægt er að skapa jákvæðan skólabrag þar sem öllum getur liðið vel og fá að njóta sín og leggi sitt af mörkum til þess að uppfylla þetta markmið. Skapa heilsusamlegan vinnustað með góðum starfsaðstæðum og umhverfi. Stuðla að öflugu samstarfi og umburðarlyndi innan skólans. Veita starfsfólki stuðning og endurgjöf í starfi.

Mánuður	Við ræðum um	Markmið
Nóvember	Samskipti	Hvernig getum við átt betri samskipti og miðlað upplýsingum skýrar?
Desember	Samvinnu	Hvað getum við gert til að styrkja liðsheildina og samstarfið?
Janúar	Líðan í starfi	Hvað hefur jákvæð áhrif á líðan okkar í vinnunni?

Mánuður	Við ræðum um	Markmið
Febrúar	Starfsánægju	Hvernig getum við aukið hvatningu, viðurkenningu og ánægju í starfi?
Mars	Þróun og þátttöku	Hvernig getum við eflt þátttöku og gefið fólki tækifæri til að þróast?
Apríl	Yfirferð og næstu skref	Hvað gekk vel og hverju viljum við halda áfram að vinna að?

4.5.3 Símenntunaráætlun

Skipulagsdagar leikskóla Reykjanesbæjar eru sex á ári. Skipulagsdagarnir eru nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfsmannahópinn, endurmat og undirbúnings starfsins. Fræðsluvefur Fróða verður nýttur og starfsfólk hvatt til að sækja þau námskeið sem í boði eru hverju sinni og hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Starfsfólk er hvatt til að fylgjast sjálft með framboði á námskeiðum.

Markmið símenntunar- og þróunarverkefna leikskólans Drekadals er að efla faglega þekkingu starfsfólks, styrkja gæði skólastarfsins og tryggja öryggi, vellíðan og jöfn tækifæri barna. Áhersla verður lögð á skyldubundnar áætlanir, öryggismál, faglega þróun starfsfólks og áframhaldandi þróunarvinnu með sögupoka.

Námskeið / Verkefni	Markmið	Starfshópar
Skyndihjálparnámskeið	Að efla þekkingu starfsfólks í skyndihjálp og tryggja að það geti brugðist við á viðeigandi hátt í neyðartilvikum.	Allt starfsfólk
Jafnréttisáætlun	Að ljúka gerð og innleiðingu jafnréttisáætlunar í samræmi við stefnu Reykjanesbæjar. Áætlunin tekur til barna, foreldra og starfsfólks.	Kennarar og stjórnendur
Eineltisáætlun	Að ljúka gerð og innleiðingu eineltisáætlunar í samræmi við stefnu Reykjanesbæjar og stuðla að	Kennarar og stjórnendur

Námskeið / Verkefni	Markmið	Starfshópar
	öryggi, virðingu og vellíðan allra í leikskólasamfélaginu.	
Rýmingaráætlun	Að yfirfara, uppfæra og innleiða rýmingaráætlun leikskólans og tryggja að allt starfsfólk þekki hlutverk sitt og viðbrögð við neyðaraðstæðum.	Allt starfsfólk
Verklagsreglur vegna barnaverndarmála	Að ljúka gerð og innleiðingu skýrra verklagsreglna um tilkynningarskyldu og viðbrögð vegna barnaverndarmála til að tryggja öryggi barna og fagleg vinnubrögð starfsfólks.	Allt starfsfólk
Námskeið í útinámi	Að efla þekkingu starfsfólks á útinámi og nýtingu nærumhverfisins í námi og leik. Námskeiðið fer fram á skipulagsdegi í september.	Kennarar og stjórnendur
Þróunarverkefnið Sögupokar	Að halda áfram þróun og innleiðingu sögupoka sem stuðla að málörvun, læsi, hljóðkerfisvitund, sköpunargleði og virkri þátttöku barna í námi og leik.	Deildarstjóri Stapakoti stjórnendur

5 Foreldrasamvinna

Markmið skólans er að stuðla að jákvæðum og upplýsandi samskiptum við foreldra ásamt því að hvetja til virks samstarfs og þátttöku í starfinu. Lögð er áhersla í upphafi að leggja grunn að jákvæðu og uppbyggjandi samstarfi þar sem öryggi, vellíðan og velferð barnsins er höfð að leiðarljósi. Haldinn er foreldrafundur með nýjum foreldrum áður en aðlögun hefst að hausti og þar hafa foreldrar tækifæri að kynnast hvert öðru og mynda tengsl til framtíðar. Í aðlögun að hausti er þátttaka foreldra í leikskólastarfinu töluverð og tilvalið er að nýta þann tíma til að kynnast öðrum foreldrum og mynda traust tengsl við starfsfólið sem er grunnur að farsælu samstarfi heimilis og skóla. Foreldrasamtöl eru á skólaárinu en auk þess geta foreldrar hvenær sem er óskað eftir samtali þar fyrir utan. Upplýsingaflæði frá skólanum fer í gegnum tölvupósta í Völu á heimasíðu skólans í gegnum Reykjanesbæ og með myndum sem heimastofur setja í völuna.

Fulltrúar foreldra við leikskólann Drekadal skipa foreldraráð/foreldrafélag leikskólans. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í október ár hvert. Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Foreldraráð/foreldrafélag starfar sjálfstætt og heldur fundi eins og fulltrúar telja þörfina vera en vinna samt sem áður í góðri samvinnu við stjórnendur leikskólans.

5.1 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við Drekadal. Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna í leikskólanum og veita stuðning við leikskólann og starfsemi hans. Félagsgjöld eru innheimt beint frá foreldrafélagi og er nýtt til að styrkja ýmis verkefni sem tengjast leikskólastarfinu.

5.2 Foreldraráð

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 4. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

6 Yfirlit yfir mikilvægar dagsetningar

Dagsetning	Viðburður
05. ágúst	Leikskólinn opnar / skipulagsdagur
25. september	Skipulagsdagur
13. október	Pétur og úlfurinn í boði foreldrafélagsins
23. október	Skráningardagur í vetrarfrí
26. október	Skráningardagur í vetrarfrí
23. nóvember	Skipulagsdagur
28. desember	Jólafrí, leikskólinn lokaður

Dagsetning	Viðburður
29. desember	Jólafrí, leikskólinn lokaður
30. desember	Jólafrí, leikskólinn lokaður
22. janúar	Sameiginlegur skipulagsdagur leikskóla Reykjanesbæjar
11. febrúar	Skráningardagur í vetrarfrí
12. febrúar	Skráningardagur í vetrarfrí
15. febrúar	Foreldraviðtöl hefjast í Tjarnarkoti
22. febrúar	Foreldraviðtöl hefjast í Stapakoti
01. mars	Foreldraviðtöl hefjast í Hákoti
08. mars	Foreldraviðtöl hefjast í Móakoti
15. mars	Foreldraviðtöl hefjast í Drekakoti
12. apríl	Skipulagsdagur
07. maí	Skipulagsdagur
27. maí	Útskrift elsta árgangs
10. júní	Sumarhátíð leikskólans

6.1 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru sex á skólaárinu og verða þeir nýttir eins vel og unnt er til skipulagsvinnu, sameiginlegrar fagvinnu, endurmats, undirbúnings og þróunar starfsins. Hér er yfirlit yfir helstu verkefni sem unnið verður að á hverjum skipulagsdegi.

Dagsetning	Megináhersla	Helstu verkefni
5. ágúst 2026	Upphaf skólaárs og sameiginlegt skipulag	• Fara yfir áherslur og markmið skólaársins • Skipuleggja heimastofur og daglegt starf

		• Fara yfir hlutverk, ábyrgð og verkferla • Undirbúa móttöku barna • Skipuleggja samstarf og fundi haustannar
25. september 2026	Útinám, grunnþættir menntunar og fagleg þróun	• Fyrirlestur um útinám • Fara yfir grunnþætti menntunar • Fjalla um hlutverk þroskaþjálfa í leikskóla • Tengja fræðslu við daglegt starf • Fylgja eftir Moodup-könnun og starfsþróun
23. nóvember 2026	Öryggi, áætlanir og viðbragðsferlar	• Yfirfara rýmingaráætlun • Yfirfara eineltisáætlun • Yfirfara jafnréttisáætlun • Fara yfir verklagsreglur vegna tilkynninga til barnaverndar • Tryggja að starfsfólk þekki hlutverk sitt í viðbrögðum
22. janúar 2027	Sameiginlegur skipulagsdagur leikskóla Reykjanesbæjar	• Fræðsla og fyrirlestrar
12. apríl 2027	Vorstarf, mat og undirbúningur loka skólaárs	• Meta stöðu starfsins eftir veturinn • Skipuleggja vorstarfið • Fara yfir þróunarverkefni • Undirbúa lok skólaárs • Yfirfara árgangsnámskrár og skólanámskrá • Skýra verkefni og ábyrgð fram að sumri

7. maí 2027	Heildarmat skólaársins og undirbúningur 2027–2028	• Meta framkvæmd starfsáætlunar • Fara yfir styrkleika og umbótatækifæri • Meta foreldrasamstarf, útinám og þróunarverkefni • Draga saman niðurstöður innra mats • Hefja undirbúning starfsáætlunar 2027–2028 • Skipuleggja lok skólaárs og útskrift

7 Mat á skólastarfi 2025 – 2026

Skipulagsdagar á starfsárinu mótuðust að verulegu leyti af flutningi leikskólans Drekadals í nýtt húsnæði. Vegna breytinga á afhendingartíma húsnæðisins þurfti ítrekað að endurskipuleggja fyrirhugaða skipulagsdaga og aðlaga þá að þeim verkefnum sem tengdust flutningunum. Nokkrir skipulagsdagar fóru því að mestu í undirbúning, skipulagningu og framkvæmd flutningsins til að tryggja sem besta upphaf starfsemi í nýju húsnæði.

Þeir skipulagsdagar sem hægt var að halda samkvæmt áætlun voru að mestu nýttir í starfsmannafundi, samráð og utanumhald starfsfólks. Starfsárið einkenndist af miklum breytingum og krefjandi aðstæðum og því var mikilvægt að skapa vettvang fyrir starfsfólk til að ræða verkefni, skipulag og áskoranir sem tengdust flutningunum og breyttu starfsumhverfi.

Á fundunum var farið yfir skipulag starfsins, verkaskiptingu, upplýsingamiðlun og þau mál sem brýnt var að vinna sameiginlega að á hverjum tíma. Jafnframt var lögð áhersla á að styðja við starfsfólk, efla samvinnu og styrkja starfsandann á tímabili sem krafðist mikillar aðlögunar. Þótt fagleg þróunarvinna hafi að einhverju leyti þurft að víkja fyrir verkefnum tengdum flutningunum voru skipulagsdagarnir mikilvægur vettvangur til að viðhalda samfellu í starfinu og tryggja farsæla innleiðingu í nýju húsnæði.

8 Umsögn foreldraráðs 2026 - 2027

8.1 Inngangur

Foreldraráð leikskólans Drekadals 2026–2027 hefur farið yfir starfsáætlun leikskólans í samræmi við hlutverk sitt samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Foreldraráðið vill í kjölfar yfirferðarinnar koma eftirfarandi umsögn á framfæri.

8.2 Umsögn

Foreldraráð telur starfsáætlunina metnaðarfulla og vel unna. Hún endurspeglar skýra framtíðarsýn og faglegan metnað þar sem vellíðan, öryggi og farsæld barna eru höfð að leiðarljósi.

Sérstaklega ánægjulegt er að sjá áhersluna á að mæta hverju barni á eigin forsendum, með hliðsjón af þörfum þess, áhuga og styrkleikum. Foreldraráð fagnar jafnframt áherslu á snemmtæka íhlutun, einstaklingsmiðaðan stuðning og jöfn tækifæri allra barna til þátttöku, náms og þroska.

Jákvætt er að sjá hversu stóran sess leikurinn skipar í hugmyndafræði leikskólans, ásamt flæði, útinámi og reynslunámi þar sem börnum er gefið svigrúm til að kanna, skapa og læra út frá eigin áhuga. Einnig er ánægjulegt að sjá áframhaldandi þróun sögupokaverkefnisins sem styður við málþroska, sköpun og virka þátttöku barna.

Foreldraráð vill jafnframt hrósa þeirri áherslu sem lögð er á fagmennsku, starfsþróun og vellíðan starfsfólks. Það er jákvætt að sjá hvernig unnið er að uppbyggingu leikskólans með samvinnu, ígrundun og vilja til að þróa starfið áfram. Öflugur og samheldinn starfsmannahópur er mikilvæg forsenda góðs leikskólastarfs. Foreldraráð fagnar einnig áherslu á jákvæð samskipti og gott samstarf heimilis og leikskóla.

8.3 Lokaorð

Foreldraráð lýsir ánægju með þær áherslur og markmið sem fram koma í starfsáætluninni. Mikilvægt er að þeim sé fylgt eftir í daglegu starfi svo komið sé til móts við þarfir allra barna og stuðlað að vellíðan þeirra og þroska.

Foreldraráð þakkar stjórnendum og starfsfólki Drekadals fyrir metnaðarfullt starf og hlakkar til áframhaldandi góðs samstarfs.

Foreldraráð leikskólans Drekadals 2026 -2027

Fjóla Björg Ragnarsdóttir og Brynja Helgadóttir

9 Viðaukar

Hér að neðan má sjá skóladagatal leikskólans fyrir skólaárið 2026 – 2027, sjá mynd fimm (5) og fyrstu viðbrögð við slys í leikskólanum, sjá mynd sex (6).

9.1 Skóladagatal 2026 – 2027

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: Leikskólinn Drekadalur

Birt með fyrirvara um breytingu

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 L		1 Þ		1 F		1 S		1 Þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 M	Foreldrasamtöl Hákots	1 F		1 L	Verkalýðsdagurinn	1 Þ		1 F	Sumarlokun
2 S		2 M		2 F		2 M		2 M		2 L		2 Þ		2 Þ	Foreldrasamtöl Hákots	2 F		2 S		2 M		2 F	Sumarlokun
3 M	Fridagur verslunarmanna	3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 M	Foreldrasamtöl Hákots	3 L		3 M		3 F		3 L	
4 Þ	Sumarlokun	4 F		4 S		4 M		4 F		4 M		4 F		4 F	Foreldrasamtöl Hákots	4 S		4 Þ		4 F		4 S	
5 M	Skipulagsdagur 1/6 - lokað	5 L		5 M		5 F		5 L		5 Þ		5 F		5 F	Foreldrasamtöl Hákots	5 M		5 M		5 L		5 M	Sumarlokun
6 F	Leikskólinn opnar	6 S		6 Þ		6 F		6 S		6 M	Þrettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ		6 F	Uppstigningardagur	6 S	Sjómannadagurinn	6 Þ	Sumarlokun
7 F		7 M		7 M		7 L		7 M		7 F		7 S	Dagur tónlistarskólans	7 S		7 M		7 F	Skipulagsdagur 6/6 - lokað	7 M		7 M	Sumarlokun
8 L		8 Þ	Dagur læsis	8 F		8 S	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ		8 F		8 M	Bolludagur	8 M	Foreldrasamtöl Móakots	8 F		8 L		8 Þ		8 F	Sumarlokun
9 S		9 M		9 F		9 M		9 M		9 L		9 Þ	Sprengidagur	9 Þ	Foreldrasamtöl Móakots	9 F		9 S		9 M		9 F	Sumarlokun
10 M	Þátttökuaðlögun nýrra barna	10 F		10 L		10 Þ		10 F	Litlu jólin - jólamatur	10 S		10 M	Öskudagur	10 M	Foreldrasamtöl Móakots	10 L		10 M		10 F	Sumarhátíð leikskólans	10 L	
11 Þ	Þátttökuaðlögun nýrra barna	11 F		11 S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11 M		11 F		11 M		11 F	Vetrafrí	11 F	Foreldrasamtöl Móakots	11 S		11 Þ		11 F		11 S	
12 M	Þátttökuaðlögun nýrra barna	12 L		12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F	Vetrafrí	12 F	Foreldrasamtöl Móakots	12 M	Skipulagsdagur 5/6 - lokað	12 M		12 L		12 M	Sumarlokun
13 F	Þátttökuaðlögun nýrra barna	13 S		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 Þ	Sumarlokun
14 F		14 M		14 M		14 L		14 M		14 F		14 S		14 S	Dagur stærðfræðinnar	14 M		14 F		14 M		14 M	Sumarlokun
15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 Þ		15 F		15 M	Foreldrasamtöl Tjarnakjots	15 M	Foreldrasamtöl Drekakots	15 F		15 L		15 Þ		15 F	Sumarlokun
16 S		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 F		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 L		16 Þ	Foreldrasamtöl Tjarnakjots	16 Þ	Foreldrasamtöl Drekakots	16 F		16 S	Hvítasunnudagur	16 M		16 F	Sumarlokun
17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 M	Foreldrasamtöl Tjarnakots	17 M	Foreldrasamtöl Drekakots	17 L		17 M	Annar í Hvítasunnu	17 F	Ljóveldisdagurinn	17 L	
18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 F		18 M		18 F	Foreldrasamtöl Tjarnakots	18 F	Foreldrasamtöl Drekakots	18 S		18 Þ		18 F		18 S	
19 M		19 L		19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F	Foreldrasamtöl Tjarnakots	19 F	Foreldrasamtöl Drekakots	19 M		19 M		19 L		19 M	Sumarlokun
20 F		20 S		20 Þ		20 F	Dagur mannréttinda barna	20 S		20 M		20 L		20 L		20 Þ		20 F		20 S		20 Þ	Sumarlokun
21 F		21 M		21 M		21 L		21 M		21 F		21 S	Konudagur - upphaf Góu	21 S	Pálmasunnudagur	21 M		21 F		21 M		21 M	Sumarlokun
22 L		22 Þ		22 F		22 S		22 Þ		22 F	Skipulagsdagur 4/6 - lokað	22 M	Foreldasamtöl Stapakots	22 M	Páskafrí	22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L		22 Þ		22 F	Sumarlokun
23 S		23 M		23 F	Vetrafrí	23 M	Skipulagsdagur 3/6 - lokað	23 M	Þorláksmessa	23 L		23 Þ	Foreldasamtöl Stapakots	23 Þ	Páskafrí	23 F		23 S		23 M		23 F	Sumarlokun
24 M		24 F		24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M	Foreldasamtöl Stapakots	24 M	Páskafrí	24 L		24 M		24 F		24 L	
25 Þ		25 F	Skipulagsdagur 2/6 - lokað	25 S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M		25 F	Foreldasamtöl Stapakots	25 F	Skírdagur	25 S		25 Þ		25 F		25 S	
26 M		26 L	Evrópski tungumáladagurinn	26 M	Vetrafrí	26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ		26 F	Foreldasamtöl Stapakots	26 F	Föstudagurinn langi	26 M		26 M		26 L		26 M	Sumarlokun
27 F		27 S		27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ		27 F	Útskrift elsta árgangs	27 S		27 Þ	Sumarlokun
28 F		28 M		28 Þ		28 L		28 M	Jólafrí - lokað	28 F		28 S		28 S	Páskadagur	28 M		28 F		28 M		28 M	Sumarlokun
29 L		29 Þ		29 F		29 S		29 Þ	Jólafrí - lokað	29 F				29 M	Annar í Páskum	29 F		29 L		29 Þ		29 F	Sumarlokun
30 S		30 M		30 F		30 M		30 M	Jólafrí - lokað	30 L				30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F	Sumarlokun
31 M				31 L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M				31 L	

9.2 Verkferlar vegna fyrstu viðbragða við slysum í leikskólanum

